



Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavík 26. nóvember 2021

Efni: Umsögn við drög að stefnu um rafleiki/rafípróttir

Umboðsmaður barna fagnar því að verið sé að setja heildstæða stefnu um umgjörð rafípróttá hér á landi. Rafípróttir hafa sótt í sig veðrið á undanförunum árum og er afar mikilvægt að vel sé staðið að umgjörð þeirra með því markmiði að skapa uppbyggilegt umhverfi fyrir börn sem stunda þær.

Ekki er ljóst hvort að starfshópurinn átti samráð við börn við vinnslu stefnunnar en umboðsmaður barna vill áréttta það að börn eiga rétt á að hafa áhrif og taka þátt í mótun á stefnu er varða þau og ber að veita sjónarmiðum þeirra farveg inn í almenna stefnumótun í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013. Þá er einnig mikilvægt að slíkt samráð sé framkvæmt á fyrstu stigum.

Umboðsmaður barna tekur undir mikilvægi þess að fram fari mælingar á áhrifum rafleikja/rafípróttá í forvarnarskyni og gera viðeigandi breytingar ef þörf er á þar sem verið er að stíga fyrstu skrefin í stefnumótun í málaflokknum. Einnig tekur umboðsmaður barna undir mikilvægi þess að virða beri aldursmörk leikja og leggja áherslu á fræðslu um næringu, svefn og mikilvægi heilbrigðs lífsstíls.

Undir áhersluliðnum „Fjölbreytileika fagnað” leggur umboðsmaður til viðbót við fyrstu setninguna þannig að hún hljómi svona „Rafleikir/rafípróttir eru fyrir alla og mikilvægt er að skapa aðstæður sem hvetja alla til þátttöku **í inngildandi umhverfi.**” til að undirstrika mikilvægi þess að einelti eða önnur neikvæð samskipti lýðist ekki innan greinarinnar.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna